

Námsáætlun fyrir íslensku - 2. bekkur  
skólaárið 2020-2021



Kennari: Þórunn Katla Tómasdóttir og Júdit Sophusdóttir

Tímafjöldi: 7 kennslustundir á viku

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"><li>Tjái sig fyrir framan hóp.</li><li>Hlusti á aðra og meðtaki upplýsingar.</li><li>Taki virkan þátt í umræðum.</li><li>Vinni með öðrum í stórum og litlum hópum.</li><li>Nýti sér leiðsögn.</li><li>Endursegi og/eða lesi sögur og ljóð upphátt fyrir bekkjarfélaga.</li><li>Undirbúi stuttar frásagnir.</li><li>Tali skýrt og áheyrilega.</li><li>Syngi algenga íslenska barnasöngva og taki þátt í fjöldasöng.</li><li>Hlusti og horfi á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og aðrir nemendur og geti greint frá upplifun sinni.</li></ul>	<ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur lesa upp sögur og texta eftir sjálfa sig og aðra.</li><li>Lesið er daglega fyrir nemendur.</li><li>Nemendur eru hvattir til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum, segja sögur og taka þátt í samræðum.</li><li>Nemendur eru hvattir til að tala skýrt og áheyrilega.</li></ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"><li>Nemendur skrifa sögur heima í sögubók einu sinni til tvisvar í mánuði og lesa svo söguna fyrir bekkjarfélaga sína í skólanum.</li></ul>	

<p><b>Lestur og bókmenntir</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Auki leshraða sinn og auki lesskilning með fjölbreyttum verkefnum.</li> <li>• Beiti einföldum hugtökum t.d. persónu og umhverfi í sögu.</li> <li>• Kynnist rími og hrynjanda, bókstöfum, orðum og setningum.</li> <li>• Auki orðaforða sinn og efli málskilning.</li> <li>• Læri að nýta sér bækur og annað lesefni á ýmsu formi, bæði í kennslustofu og á skólasafni.</li> <li>• Lesi bækur við hæfi, bæði að eigin vali og sem kennari velur.</li> <li>• Þekki þekktar sögur og ævintýri.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölbreytt lesskilningsverkefni.</li> <li>• Nemendur læra ljóð í skóla og heima.</li> <li>• Aðallega er stuðst við hljóðaaðferðina en aðrar aðferðir eru notaðar með í bland.</li> <li>• Nemendum fá lestrarefni við hæfi hvers og eins.</li> <li>• Áhersla er lögð á daglegan lestur nemenda í skóla, bæði í hljóði og upphátt.</li> <li>• Nemendur lesa heima á hverjum degi.</li> <li>• Í skólanum er lesið daglega fyrir nemendur.</li> <li>• Unnið er með markvissa málörvun, hugtakakort, kórlestur og vinalestur.</li> <li>• Nemendur kynnast uppbyggingu frásagna þ.e. upphaf – miðju – endi.</li> </ul> <p><b>Lestraráttak</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Áætlað er að vera með a.m.k. tvö lestrarátök yfir veturinn.</li> </ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur lesa heima á hverjum degi.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lesfimipróf</li> <li>• Orðleysupróf</li> <li>• Sjónrænn orðaforði</li> <li>• Lesskilningsskannanir</li> </ul>
<p><b>Ritun</b></p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Semji texta frá eigin brjósti, sögu, ljóð eða skilaboð.</li> <li>• Beiti einföldum stafsetningarreglum.</li> <li>• Dragi rétt til stafs og temji sér vönduð vinnubrögð og góðan frágang.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölbreytt ritunarverkefni þar sem nemendur þurfa m.a. að skrifa frá eigin brjósti og setja sig í aðstæður.</li> <li>• Nemendur rifja upp frumatriði skriftar s.s. rétta skriftarátt, blýantsgrip, og líkamsstöðu ásamt vönduðum vinnubrögðum.</li> <li>• Nemendur skrifa heima og eftir forskrift í skólanum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Skriftarkönnun</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Átti sig á að frásögn hefur fyrirsögn, upphaf, meginmál og endi.</li> <li>• Átti sig á að málsgreinar byrja á stórum staf og enda á punkti.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur halda dagbók sem þeir skrifa í einu sinni í viku.</li> <li>• Lögð er áhersla á setningaskipan í texta þ.e. að setningar hafa upphaf og endi, byrji á stórum staf og enda á punkti.</li> </ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nemendur skrifa heima í skriftarbók og sögubók.</li> </ul>	
<b>Málfræði</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kynnist nafnorðum, lýsingarorðum og sagnorðum.</li> <li>• Kynnist kyni og tölu orða.</li> <li>• Leiki sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma.</li> <li>• Læri stafrófið.</li> <li>• Þekki hugtökin bókstafur, hljóð, orð og setning.</li> <li>• Þjálfist í að þekkja og greina samheiti, andheiti, sérnöfn og samnöfn.</li> <li>• Átti sig á mun sérhljóða og samhljóða.</li> <li>• Þekki reglur um stóran og lítinn bókstaf.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kennsla í málfræði tengist fjölbreyttri verkefnavinnu sem miðar öll að því að efla almenna þekkingu og tilfinningu nemenda fyrir móðurmálinu.</li> </ul> <p><b>Heimanám:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Ýmis verkefni sem tengjast vinnu í skóla.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Málfræðikönnun</li> </ul>

**Námsgögn:**

Lestrarbækur með og án vinnubóka við hæfi hvers og eins.

Orðasafnið mitt – Skrift 1 og 2 – Góður, betri, bestur 2a og 2b – Ritrún 1 og 2 - Litla Lesrún.

Stílabók og sögubók notuð við ritun. Ýmis ljósrit og efni frá kennara.

**Lokanámsmat:**

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með fjórum hæfnitáknum og safna þannig á hæfnikort sitt.